



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2021

HBFR1HH05 Heilbrigðisfræði

Kennari: Ásdís Björg Ingvarsdóttir (ÁBI)

asdisbjorg@fsu.is

Áfangalýsing:

Saga heilbrigðisfræðinnar er kynnt. Lagður er grunnur að þekkingu á viðfangsefnum og rannsóknaraðferðum. Fjallað er um hugtök eins og heilsa, sjúkdómar og innra og ytra umhverfi. Lögð er áhersla á að nemendur meti eigin heilsu og þekki hvaða leiðir þeir eigi að fara til að auka eigið heilbrigði. Áhersla er lögð á forvarnir og leiðir til að bæta heilbrigðisástand og efla heilbrigðisvitund. Fjallað er um mismunandi heilbrigðis- og félagslegar aðstæður einstaklinga og hvaða áhrif þær hafa á gildismat og viðhorf til m.a. sjúkdóma, lyfja, fíkniefna og kynlífs. Fjallað er um helstu vímuefni sem eru í umferð og áhrif þeirra á heilbrigðisástand einstaklinga. Gerð er grein fyrir helstu flokkum örvera, smitleiðir sýkla og varnir gegn sýkingum. Fjallað er um algenga sjúkdóma í nútíma samfélagi, orsakir þeirra og forvarnir. Farið er í mengunarvarnir og aðgerðir til að vernda umhverfið og lífríkið gegn mengun.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- heilbrigðishugtakinu
- sögulegri þróun heilbrigðisfræði og áhrifum á heilbrigðismál
- helstu heilbrigðisvandamálum í nútíma samfélagi og forvörnum gegn þeim
- uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- aðferðum og aðgerðum sem stuðla að heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu
- helstu umhverfisþáttum sem ógnað geta heilbrigði

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla á fjölbreyttan hátt þekkingar um aðgerðir og aðferðir sem stuðla að slysavörnum,
- heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- sýna í verki að hann tekur ábyrgð á eigin heilsu
- gera grein fyrir umhverfisþáttum sem geta ógnað heilbrigði manna

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja tilgang heilbrigðisvitundar og heilsueflingar
- skilja helstu hugmyndir og hugtök um heilbrigði
- leita sér þekkingar og færni í öflun upplýsinga um heilsuástand
- geta lagt mat á eigin heilsu

Námsefni:

Allt efni frá kennara en stuðst við bókina Líf og heilsa, þýðing norsku bókarinnar Liv og helse, helsefagboka eftir Else Kari Bjerve, Reidun Haugen og Sigrid Stordal.

Verkefnaskil:

Hópverkefni 1 – skila í viku 38 (sett með fyrirvara um breytingu á skilum).
Hópverkefni 2 – skila í viku 48 (sett með fyrirvara um breytingu á skilum).
Einstaklingsverkefni

Sérreglur áfangans:

Ef nemendur eru ekki tilbúnir með hópverkefnin/ einstaklingsverkefnin á skiladegi er ekki hægt að fá frest til að skila og þeir fá 0 fyrir verkefnið.

Ef einhver hefur ekki skilað af sér sínum hlut í hópavinnunni, fær hann 0, en aðrir í hópnum þá einkunn sem verkefnið stendur undir

Námsmat:

Hópverkefni 1	15%
Hópverkefni 2	10%
Einstaklingsverkefni	10%
Önnur verkefni	15%
Vetrareinkunn / mæting	20%
Tímapróf / lokapróf	30%

Nemandi verður að ná samanlagðri lágmarkseinkunn (5,0) úr verkefnaþáttum námsmats til að ljúka áfanganum.

Ef nemandi nær meðaleinkunninni 8,0 úr tímaprófum þarf hann ekki að taka lokapróf í námsmatsviku.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Námsefni (kennslubók) Lesefni	
33. vika	Kynning	
34. vika	Hvað er heilbrigði	1. og 2. kafli
35. vika	Vímuefni	14. og 15. kafli
36. vika	Vímuefni	13. og 16. Kafli
37. vika	Samantekt og Verkefni 15%	
38. vika	Forvarnir og heilsuefling	3. og 4. kafli
39. vika	Fræðsluherferðir	7. og 8. kafli
40. vika	Einstaklingsverkefni 10%	
41. vika	Bakteríur, veirur, ónæmi og ónæmiskerfið	19. og 21. kafli
42. vika	Faraldsfræði	efni frá kennara
43. vika	Kynsjúkdómar og getnaðarvarnir	9., 10. og 11. Kafli
44. vika	Smitsjúkdómar	20. og 22. kafli
45. vika	Lífstílssjúkdómar	5. og 6. Kafli
46. vika	Umhverfisáhrif og heilsufar	23. kafli
47. vika	Samantekt og fræðsluverkefni 10%	
48. vika	Upprifjun	
49. vika	Lokapróf	

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar, einkum vegna covid óvissu.